

Ólafur W. Finnsson

Eftirlaunabegi hjá EFÍA. Lauk störfum sem flugstjóri hjá Icelandair á haustdögum 2016 eftir 40 ára starf hjá Félaginu.

Menntun og starfsferill: Stúdent frá MH 1971. Cand oecon frá HÍ 1978. Starfaði sem viðskiptafræðingur í Flugdeild og tölvudeild Flugleiða 1978-1982 og flugmaður/flugstjóri samfellt frá 1982. Í stjórn EFÍA 1989-1991 og 1994-1996, þar af sem formaður 1995-1996.



Ég var skipaður af stjórn FÍA sem aðalmaður í stjórn eftirlaunasjóðsins eftir ársfund hans vorið 2017, en þá var krafan enn sú að í stjórninni skyldi sitja a.m.k. einn eftirlaunabegi. Ég var þá metinn hæfur af FME. Hef því setið í stjórn sjóðsins s.l. tvö ár, sem hafa verið bæði lærdómsrík og gefandi. Margt hefur gerst og mörg spennandi verkefni eru framundan í rekstri hans. Ég tel mig hæfan til að gæta hagsmuna sjóðfélaga og býð mig því fram til starfa í aðalstjórn hans næstu tvö árin.